

starfsafl



ÁRSSKÝRSLA 2021



Frá framkvæmdastjóra

Á hverju ári nýtur þriðji hver félagsmaður góðs af starfsmenntastyrkjum Starfsafls. Stór hluti þessa hóps notar áunnin rétt til að greiða fyrir það nám sem sótt er en margir hverjir njóta þess að fyrirtækin eru greiðendur en þau geta einnig sótt um styrk til Starfsafls fyrir sitt starfsfólk.

Það tekur félagsmann þrjú ár að ávinna álíka rétt í krónum talið og fyrirtæki öðlast um leið og ráðningarsamningur er undirritaður. Í því felst að félagsmaðurinn er þrjú ár að ávinna sér fullan rétt en fyrirtækið fær þann rétt um leið og sýnt er fram á að launatengd gjöld hafi verið greidd fyrir félagsmanninn. Það er því mikilvægt að fyrirtæki horfi til þessa og styðji við starfsmenntun sinna starfsmanna og greiði fyrir það nám sem kemur til góða, svo sem nám sem veitir réttindi eða eykur hæfni og getu í því starfi sem viðkomandi gegnir eða getur orðið honum til framdráttar.

Þá færist það í vöxt að fyrirtæki greiði fyrir sitt fólk nám til réttinda, svo sem meirarpróf, endurmenntun atvinnubílstjóra og er það vel. Það ætti ekki eingöngu að einskorðast við starfsfólk með lengri starfsaldur heldur hvetur Starfsafl fyrirtæki til þess að greiða fyrir sumarstarfsfólk, eða annað starfsfólk sem kemur til starfa tímabundið, nám til réttinda sem nýtist því sannarlega í framtíðarstörfum. Það er jú svo að það starfsfólk er lengi að ávinna sér rétt hjá sjóðnum og því munar um stuðning fyrirtækis, sem aftur nýtir sér sinn rétt hjá sjóðnum.

Það er mikið um að sömu fyrirtækin nýti sinn rétt og því er ávallt fagnað þegar ný fyrirtæki sækja um þar sem við vitum að þau eru mörg fyrirtækin sem bjóða upp á fræðslu en sækja ekki til sjóðsins. Það er alls ekki nógu gott því fyrirtæki sem nýtir sinn rétt hjá sjóðnum getur fyrir vikið gefið enn betur í hvað starfsmenntamál varðar. Við viljum ná til þeirra og þeirra fyrirtækja sem telja sig ekki geta boðið upp á fræðslu vegna þess kostnaðar sem því fylgir en þurfa sannarlega á því að halda.

Þörfin fyrir fræðslu og markvissa starfsþróun er sérlega mikilvæg fyrir einstaklinga með litla formlega starfsreynslu og litla grunnfærni enda sá hópur sem er viðkvæmari fyrir breytingum á vinnumarkaði eins og þær sem eiga sér stað núna. Mikilvægt að þeir hópar sitji ekki eftir þegar kemur að þjálfun starfsfólks og því hvetjum við fyrirtæki til horfa til þessa hóps og sjá hvar má gera betur. Við erum hér fyrir ykkur.

Lísbet Einarsdóttir

Framkvæmdastjóri Starfsafls.

Ársskýrsla 2021

Um Starfsafl

Starfsafl – starfsmennt Samtaka Atvinnulífsins og Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis varð til í tengslum við kjarasamninga vorið 2000. Þá var samið um stofnun sérstaks sjóðs sem ætlað er að byggja upp menntun almennra starfsmanna fyrirtækja.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn sjóðsins er skipuð 6 einstaklingum, þremur frá Samtökum atvinnulífsins og þremur frá þeim stéttafélögum sem standa að sjóðnum:

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins 2021

Hlíf Böðvarsdóttir, formaður stjórnar

Snorri Jónsson

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

Fulltrúar stéttafélaga 2021

Kolbeinn Gunnarsson

Jóhann R. Kristjánsson

Fríða Rós Valdimarsdóttir

Varamenn Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Árnason (SA

Varamenn stéttafélaga

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir

Eyþór Árnason

Starfsfólk

Lísbet Einarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Hlutverk og markmið

Hlutverk Starfsafls er margþætt og felur meðal annars í sér áherslu á kynningar-og hvatningarstarf er tengist starfsmenntun, að hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun og kanna þarfir atvinnulífsins fyrir starfsmenntun almennra starfsmanna.

Dagleg störf speglast einna helst í umsýslu og afgreiðslu styrkja til fyrirtækja og einstaklinga vegna starfsmenntunar samkvæmt nánari reglum stjórnar, styðja við skipulag og stefnumótun fræðslu í fyrirtækjum, aðkomu að námsefnisgerð og öðrum þeim verkefnum sem aðilar semja sérstaklega um í kjarasamningi.

Skipulag og starfshættir

Verklag sjóðsins er á þann veg að félögin sem að honum standa, Efling, VSFK og Hlíf, sjá um alla umsýslu og afgreiðslu styrkja til sinna félagsmanna en styrkir til fyrirtækja eru afgreiddir af skrifstofu Starfsafls.

Umsóknir um einstaklingsstyrki sem eru ekki skýrar eru bornar undir framkvæmdastjóra Starfsafls og skotið til stjórnar, ef svo ber undir.

Stjórn Starfsafls starfar eftir settum starfsreglum og nýttast þær sem verkfæri stjórnar Starfsafls og framkvæmdastjóra til að mæta þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir. Í starfsreglunum er m.a. tekið á skipun stjórnar og skiptingu starfa, markmið sjóðsins, helstu hlutverk og skyldur stjórnar, ábyrgð stjórnarformanns og form stjórnarfundar, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur og hæfi stjórnarmanna.

Rík áhersla hefur verið lögð á stefnumótandi hlutverk stjórnar og svigrúm aukið til að beita sér á öðrum þeim sviðum er falla undir hlutverk sjóðsins. Í því felst að vera framsýn, mótandi og leiðandi ef svo ber undir, þegar kemur að fræðslu- og starfsmenntamálum.

Fundir stjórnar eru haldnir reglulega og á starfsárinu voru þeir 4 talsins sem er töluvert færri fundir en venjulega og endurspeglast atvinnulífið og takmarkanir vegna heimsfaraldurs í störfum sjóðsins. Enginn ársfundur var haldinn af sömu ástæðu og undirritun ársreiknings fór fram á vörfundum stjórnar.

Reglur sjóðsins

Starfsemi sjóðsins hvílir á reglugerð en stjórn sjóðsins setur úthlutunarreglur sjóðsins. Þær eru í sífelldri endurskoðun enda mikilvægt í síkviku atvinnulífi að starfsmenntasjóður á borð við Starfsafl sé sveigjanlegur og mæti þörfum hverju sinni en festist ekki í þunglamalegu regluverki. Það er því stjórn og starfsfólki mikilvægt að heyra hvernig landið liggur í þessum efnum innan fyrirtækja og meðal einstaklinga og heyra hvar þörf er á aðkomu sjóðsins í fræðslu- og starfsþróunarmálum.

Breytingar voru gerðar á reglum sjóðsins á vormánuðum 2020 vegna heimsfaraldurs og voru þær reglur enn í gildi árið 2021 enda ástand á vinnumarkaði enn með óbreyttum hætti.

Tímabundnar breytingar á reglum vegna heimsfaraldurs árið 2021

a) **Styrkhlutfall**

Styrkhlutfall aukið úr 75% í 90% vegna einstaklings- og fyrirtækjastyrki. Tók gildi frá 15. mars 2020 og náði til reikninga og námskeiða sem fram fóru eftir þann tíma. Reglan var margoft endurskoðuð á árinu og í árslok ákveðið að láta hana gilda til vorsins 2022.

Tímabil umsóknar eftir starfslok

Þar sem reglur vegna einstaklingsstyrkja eru á þann veg að greiða verður fyrir nám á meðan einstaklingur er starfandi og hefur þá sá hinn sami 3 mánuði til að skila inn umsókn eftir starfsflok. Þeirri reglu var breytt tímabundið á þann veg að hægt væri að greiða fyrir nám eða námskeið allt að þremur mánuðum eftir starfslok og var það gert til að mæta þeim einstaklingum sem óvænt urðu fyrir atvinnumissi vegna Covid 19.

Aðrar breytingar á reglum voru sem hér segir:

b) **Hópefli**

Sérstök regla sem tók til hópeflis innan fyrirtækja felld niður

c) **Ökutímar.**

Samþykkt að styrkja ökutíma til jafns við bóklegan hluta ökunáms frá og með áramótum 2022.

d) **3 ára reglan.**

Samkvæmt reglunni eiga félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár rétt á styrk allt að kr. 390.000,- fyrir eitt samfellt námskeið. Samþykkt að greiðslur þurfi að hafa borist sjóðnum að lágmarki í 30 mánuði af síðustu 36 mánuðum fyrir dagsetningu umsóknar, svo 3ja ára reglan gildi.

e) **Stöðumat í íslensku**

Samþykkt að fyrirtæki geti sótt um styrk vegna stöðumats í íslensku fyrir hópa.

Iðgjöld og styrkir

Tekjur Starfsafis eru starfsmenntaiðgjald sem er samningsbundið gjald atvinnurekenda til sjóðsins, eins og um er samið á hverjum tíma. Þau fyrirtæki sem greiða hæstu fjárhæðirnar eru að greiða undir 5 milljónum króna á ári sem renna þá bæði til einstaklings- og fyrirtækjastyrkja. Þessi fyrirtæki má telja á fingrum annarar handar þar sem flest fyrirtæki greiða mun lægri fjárhæðir enda fer greidd fjárhæð eftir fjölda starfsfólks og fyrirtæki hér á landi eru flest lítil eða meðalstór. Í þessu felst hinsvegar að fyrirtæki sem fullnýtir rétt sinn og hvetur starfsfólk til að gera slíkt hið sama getur náð góðri ávöxtun, bæði fjárhagslegri og hvað mannauð varðar. Það er því margþættur ávinningur fólgin í því að skapa menningu innan fyrirtækis sem byggir á fræðslu- og þekkingaröflun og hvetur til hvorutveggja.


IÐGJALDAGREIÐSLUR 337.067.123,-

STYRKIR TIL EINSTAKLINGA	STYRKIR TIL FYRIRTÆKJA	SÉRTÆKIR STYRKIR	FRÆDSLUSTJÓRI AÐ LÁNI
254.776.110,-	34.641.177,-	940.512,-	723.712,-

Greidd iðgjöld til sjóðsins árið 2021 voru kr. 337.067.123,- og er það 7.4% hærri fjárhæð en frá árinu 2020. Það ár bar merki heimsfaraldurs og þá atvinnuleysis í röðum félagsmanna þar sem sjóðurinn fær ekki greidd iðgjöld vegna þeirra félagsmanna stéttafélaganna sem eru án atvinnu en kjósa að vera áfram félagsmenn og þannig viðhalda sínum réttindum.

Heildarfjárhæð greiddra styrkja til fyrirtækja og einstaklinga auk sértækra styrkja var kr. 291.503.071,- sem er nánast á pari við undangengið ár.

Á mynd 1 má sjá hvert hlutfall styrkja var af iðgjöldum sé litið allt aftur til ársins 2005.



Umfram einstaklings- og fyrirtækjastyrki veitir Starfsafl styrki til sértækra verkefna, félagslegrar fræðslu og Fræðslustjóra að láni.

Á mynd 2 má sjá frekara niðurbrot á iðgjöldum og styrkjum árið 2021



Styrkir til einstaklinga

Styrkir til einstaklinga eru veigamikill þáttur í starfsemi Starfsafls en afgreiðsla umsókna fer fram hjá hlutaðeigandi stéttafélögum en reglur eru settar af stjórn Starfsafls og úrskurður álitamála fer fram á skrifstofu Starfsafls og ef þurfa þykir, er skotið til stjórnar Starfsafls

STYRKIR TIL EINSTAKLINGA 254.776.610,-
ÞAR AF 46.940.095,- TIL EINSTAKLINGA ÁN ATVINNU


3289 einstaklingar	627 án atvinnu	Jafnt hlutfall kynja	93 þjóðlönd
--------------------	----------------	----------------------	-------------

Tæplega 35.000 félagsmenn eiga rétt hjá sjóðnum og þar af eru flestir í Eflingu. Hópur félagsmanna er bæði fjölmennur og fjölbreyttur og speglar svo sannarlega litróf samfélagsins en félagsmenn koma frá 90 þjóðlöndum.


Fjöldi styrkja og fjárhæðir

3289 styrkir voru afgreiddir til einstaklinga árið 2021 og heildarfjárhæð greiddra styrkja var kr. 254.776.610,-. Um er að ræða hærri fjárhæð árin á undan en skýringin þar á bak við er sú að styrklutfall var hækkað tímabundið úr 75% í 90% og aukinn sveigjanleiki veittur í afgreiðslu til einstaklinga sem urðu fyrir atvinnumissi vegna heimsfaraldurs.


Á mynd 3 má sjá nánari skiptingu á fjárhæð og fjölda á milli stéttafélaga.



Á mynd 4 aldur má sjá aldursbil umsækjenda en flestir þeir sem nýta sjóðinn eru á aldrinum 20-29 ára og svo 30-39 en 76% umsækjenda eru á aldrinum 20-39 ára.




Íslenskunám var það nám sem mest var sótt á árinu og það skýrist af þeim fjölda félagsmanna sem eru af erlendu þjóðerni. Því næst kemur háskólanám og að síðustu almennt nám í framhaldsskóla en mikið af ungu fólki safnar rétt í sjóðnum með sumarvinnunni eingöngu og nýtir þann rétt til greiðslu náms- og skólagjalda. Á mynd 5 má sjá hlutfallslega skiptingu eftir tegund náms.



Einstaklingar án atvinnu

Fjöldi einstaklinga missti starf sitt á árinu, að hluta eða öllu leyti. Sjóðurinn fær ekki greidd iðgjöld vegna þeirra félagsmanna sem eru án atvinnu en kjósa að vera áfram félagsmenn og nýta þann rétt sem felst í félagsaðild samanber rétt til starfsmenntastyrkja. Greiddir styrkir til félagsmanna án atvinnu var hátt í fimmtungur af heildarfjárhæð eins og sjá má á mynd 6.

Mynd 6. Skipting heildarfjárhæðar greiddra styrkja til einstaklinga sem voru án atvinnu og einstaklinga með atvinnu



Styrkir til fyrirtækja

Fyrirtæki með starfsfólk sem telst til félagsfólks þeirra stéttfélaga sem standa að Starfsafli eru af ýmsum toga. Stór og lítil, í iðnaði, verktöku og þjónustu svo dæmi séu tekin. Fjöldi þeirra fyrirtækja nýtir rétt sinn hjá sjóðnum á hverju ári, en þó aðeins brot af heildarfjölda. Ef tekið er mið af þeim fjölda fyrirtækja sem er með aðild að SA þá eru það innan við 5% fyrirtækja sem nýta rétt sinn hjá sjóðnum og missa þar af leiðandi af því fjármagni sem þau eiga rétt á.

Árið 2021 var heildarfjárhæð styrkja til fyrirtækja um 36 milljónir króna og á bak við þá fjárhæð voru um 5780 félagsmenn.

15% fyrirtækja fengu 1.000.000,- eða meira í styrk

292 umsóknir	264 afgreiddar	83 fyrirtæki	5780 félagsmenn
--------------	----------------	--------------	-----------------


Það færist í vöxt að fyrirtæki greiði fyrir sitt fólk nám til réttinda, svo sem meirapróf, endurmenntun atvinnubílstjóra og réttindi á minni vinnuvélar. Þörfin fyrir fræðslu og markvissa starfsþróun er sérlega mikilvæg fyrir einstaklinga með litla formlega starfsreynslu og litla grunnfærni enda sá hópur sem er viðkvæmari fyrir breytingum á vinnumarkaði og mikilvægt að þeir hópar sitji ekki eftir þegar kemur að þjálfun starfsfólks.

Þá er það sífellt algengara að fjárfest er í fræðslu sem snýr að almennri líðan á vinnustað og samskiptum svo fátt eitt sé talið enda vinnustaðir fjölbreyttir og mikilvægt að líðan allra sem með besta móti.

Fjöldi styrkumsókna

Á árinu barst Starfsafli 292 umsóknir. Þar af voru samþykktir og afgreiddir styrkir 264 frá 83 fyrirtækjum eins og sjá má á mynd 7.

Mynd 7. Heildarfjöldi umsókna og styrkja 2021




Höfnun umsókna.

62 umsóknir hlutu ekki afgreiðslu og var hafnað af fræðslusjóðnum. Ástæður að baki höfnun geta verið af ýmsum toga, þ.m.t. að enginn félagsmanni er hjá sjóðnum, fyrirtækið er komið í leyfilegt hámark, röng kennitala félagsmanns, upplýsingar skortir og ekki er brugðist við beiðni um þær upplýsingar sem vantar, umsækjandi er atvinnurekandi o.s.frv.

Afgreiddir styrkir og styrkfjárhæðir

Hvert fyrirtæki um sig getur fengið að hámarki 3 milljónir króna á almannaksári. Aðeins örfá fyrirtæki og þá aðeins þau stærstu ná að fullnýta þann rétt. Á mynd 8 hér fyrir neðan má sjá skiptingu á fjölda fyrirtækja og styrkuppþæðar en 86% fyrirtækja fengu undir einni milljón króna, 10 % fyrirtækja fengu 1 - 2 milljónir og 5% fyrirtækja fengu 2-3 milljónir í styrk á árinu.

Mynd 8. Hlutfall fyrirtækja og styrkfjárhæð 2021




Fyrirtæki eru ekki einsleit og því mikilvægt að framsetning á fræðslu henti því fyrirtæki sem um ræðir og því starfsfólki sem þar starfar. Fræðsla innan fyrirtækja, sérstaklega stærri fyrirtækja, er því oft á tíðum fjölbreytt. Það færir til að mynda sífellt í aukanna að fyrirtæki sækir um styrki vegna stafrænnar fræðslu, vegna áskriftar að stafrænu námsumhverfi, námsefnisgerðar og tilbúinna stafrænna námskeiða.

Þá eru nokkur fyrirtæki öflug með eigin fræðslu, það er fræðslu þar sem um að ræða sérhæfða fræðslu sem ekki er hægt að kaupa frá sjálfstæðum fræðsluaðilum. Má þar nefna þjálfun samkvæmt skilgreindum þjálfunarferlum almennra starfsmanna til dæmis í þjónustu og framleiðslu sérhæfðra vara. Sótt er um styrki vegna eigin fræðslu á sama hátt og aðkeypta en heimild þarf frá sjóðnum áður en sótt er um í fyrsta sinn.

21% þeirra fjárhæðar sem greidd var í styrki fór til fyrirtækja í iðnaði og verktaöku. Fast á eftir var ýmis þjónusta, en undir þeim lið má m.a. finna líftæknifyrirtæki, símafyrirtæki og heildsölur. Á mynd 9 má sjá skiptingu eftir atvinnugreinum.

Mynd 9. Fjöldi fyrirtækja af heildarfjölda eftir atvinnugrein 2021




Fjölbreytni í fræðslu

Námskeið sem fyrirtæki sækja um styrki vegna bera oftast en ekki keim af þeirri starfsemi sem fyrirtækið er í enda mikilvægt að vandað sé til verka og fræðsla og starfsmenntun starfsfólks sé í takt við stefnu og markmið fyrirtækis. Þá styrkja mörg fyrirtæki sitt starfsfólk til aukinnar hæfni sem hefur með sjálfsstyrkingu, leiðtogaþæfni, tímastjórnun og annað það sem eflir hæfni og getu. Einnig styrkir fjöldi fyrirtækja sitt starfsfólk í nám til réttinda, svo sem meirarpróf, endurmenntun atvinnubílstjóra og er það vel. Það ætti ekki eingöngu að einskorðast við starfsfólk með lengri starfsaldur heldur hvetur Starfsafl fyrirtæki til þess að greiða fyrir sumarstarfsfólk nám til réttinda, sem nýtist því sannarlega í framtíðarstörfum. Þá færast það sífellt í vöxt að fyrirtæki færi fræðslu yfir á starfsfrænt form bæði með aðkeyptu efni og sérsniðnu, en Starfsafl styrkir hvorutveggja.

Á mynd 10 má sjá hvernig skiptingin var á árinu sé litið til námskeiðstegundar.


Mynd 10. Styrkfjárhæð af heildarfjárhæð flokkuð eftir tegund náms 2021



Aðild að SA

Fyrirtæki sem eru utan aðildar að SA fá lægri styrkfjárhæð en fyrirtæki sem eru í aðild og getur þar munað talsverðu. Rúmur fjórðungur fyrirtækja sem fékk afgreiddan styrk hjá Starfsafla á árinu var án aðildar eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan

Mynd 11. Hlutfall fyrirtæja með aðild að SA og utan aðildar 2021



Fræðslustjóri að láni

Fræðslustjóri að láni er verkfæri sem hefur sannarlega sannað gildi sitt enda fjöldi fyrirtækja nýtt sér verkfærið á þeim 14 árum sem liðin eru frá fyrsta verkefninu. Fjölbreytnin er mikil meðal þeirra fyrirtækja og þar á meðal má finna veitingastaði, hótél, fiskvinnslur, heildsölur, bílaleigur og verksmiðjur, svo dæmi séu tekin.

Á vef Starfsafls má sjá lista yfir þau fyrirtæki sem hafa fengið Fræðslustjóra að láni. Eitt eiga þessir vinnustaðir sameiginlegt og það er viljinn til að hlúa að mannauð fyrirtækisins og taka stefnumiðuð skref til framtíðar, þar sem markmið fyrirtækisins og velferð starfsfólks eru leiðarstefið.

Árið 2021 bárust sjóðnum 5 umsóknir um Fræðslustjóra að láni og voru 3 umsóknir samþykktar. Fyrirtækin á bak við þær umsóknir voru Brim, Skeljungur og Artic Trucks. Ráðgjafi í öllum þremur verkefnum var RM ráðgjöf.

Félagsleg fræðsla

Þau stéttafélög sem standa að Starfsafla geta sótt um styrk til sjóðsins vegna félagslegrar fræðslu. Þak er á þeirri fjárhæð sem félögin geta fengið á ári hverju og tekur sú fjárhæð mið af almennum reglum um styrki til fyrirtækja. Þá á sú fræðsla sem boðið er upp á að vera starfstengd og til þess fallin að styðja við og efla félagsmenn í sínum störfum og eða undirbúa undir starfslok.

Á árinu var Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur eina félagið sem sótti um til Starfsafls vegna félagslegrar fræðslu og fékk félagið greiddar 420 þúsund krónur.

Sértækir styrkir

Árlega berast Starfsafla nokkrar umsóknir vegna sértækra styrkja, það er styrkja sem falla utan styrkja til einstaklinga og fyrirtækja en undir reglu sem tekur til sértækra styrkja sem eru vegna námsefnisgerðar, nýsköpunar- og þróunarverkefna. Umsóknir vegna slíkra verkefna fara alltaf fyrir stjórn Starfsafls.

Á árinu 2021 samþykkti stjórn Starfsafls að styrkja þrjú verkefni sem falla þar undir og var heildarfjárhæð styrkloforða 1.8 milljónir króna.

Eftirfarandi verkefni fengu styrk á árinu:

Fyrirtækið Djús ehf fékk styrk vegna netskóla fyrirtækisins. Um vel skipulagt og framsækið verkefni var að ræða sem studdi vel við hugmyndir stjórnar Starfsals um fyrirtæki sem námstaði og aðgengi starfsfólks að fræðslu.

Félagsmálaskóla Alþýðu var veitt styrkloforð vegna þýðingar á handbók trúnaðarmanna en þeirri vinnu var ólokið um áramót

Að síðustu fengu samtök atvinnulífsins styrk vegna Menntadags atvinnulífsins sem að þessu sinni fór fram í sjónvarpi atvinnulífsins. Um klukkustundarlangan þátt var að ræða og gestir í beinu áhorfi um 600 talsins.

Sýnileiki og samtal

Það er mikvilægt fyrir Starfsafl sem starfsmenntasjóð að vera sýnilegur og er sífellt leitað leiða til að koma honum á framfæri, með greinaskrifum eða viðveru á viðburðum enda má á viðburðum oft ná til margra og þannig ná góðri kynningu á því baklandi sem sjóðurinn er fyrirtækjum og einstaklingum. Lítið var um viðburði á árinu og lágu morgunfundir Starfsafls alveg niðri þetta árið sem og allt hópastarf. Þá var enginn ársfundur haldinn. Það voru því fá tækifærin til að hittast meðal fólks í raunheimum en eitthvað var um viðburði og kynningar í netheimum og slíkir viðburðir óspart nýttir.

Fréttir og greinar

Starfsafl áskilur sér þann rétt að fjalla um allar styrkveitingar til fyrirtækja. Tilgangurinn er sá að vekja athygli á og undirstika hversu sterkur bakhjarl sjóðurinn er þegar kemur að starfsmenntamálum fyrirtækja. Að því sögðu var fjöldi fréttar birtar á vef Starfsafls á starfsárinu og deilt á samfélagsmiðlum og greinar voru birtar í fjölmiðlum.



Nú er lag að skipuleggja fræðslu ársins 2022



Á þitt fyrirtæki rétt hjá Starfsafl?



Stafræn fræðsla einnig styrkt



Viltu fá aðstoð við fræðslumálin?



Hvernig er með þitt sumarstarfsfólk?

Áfram var haldið með átak starfsmenntasjóða frá fyrra ári undir yfirskriftinni „*Samkomubann þýðir ekki fræðslubann*“ og auglýst á vefmiðlum og í sjónvarpi. Með vildu þeir sjóðir sem standa að Áttinni hvetja til fræðslu innan fyrirtækja þrátt fyrir þær augljósu hindranir sem voru á vinnumarkaði. Það er mat þeirra sem að komu að vel hafi tekist til.

því

